

Mánudaginn 23. septembermán.

Nr. 45/1885

Örum & Wulff
 gegn
 Jakobi Helgasyni.

D ó m u r :

Með útmælingargjörð sýslumannsins í Norðurmúla-sýslu, dags. 25. apríl 1884, var í kaupstaðnum Vopna-firði út mæld lóð undir verzlunarstæði til handa Jakobi kaupmanni Helgasyni af grunni, er heyrði undir verzlun Örum & Wulffs á Vopnafirði, og var svo ákveðið í útmælingargjörðinni, sem fór fram þrátt fyrir mótmæli Örum & Wulffs, að Jakob Helgason skyldi greiða þeim í afgangi af hinni útvisuðu lóð 30 kr. á ári.

Útmælingargjörð þessa lagði verzlun Örum & Wulffs undir dómsúrslit í hjerði, og krafðist hún þar, að Jakobi Helgasyni yrði óheimiluð öll afnot af hinu útvisaða svæði, að Jakob kaupmaður Helgason yrði látinn greiða skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, samt málskostnað, en á hinn bóginn þá fór hinn stefndi því fram, að útmælingargjörðin yrði staðfest, samt að hann fengi skaðabætur fyrir það, að hann, þá er útmælingargjörðin fór fram, varð að setja 1500 kr. ábyrgð, svo og málskostnað.

Með dómi aukarjettar Norðurmúlasýslu, uppkveðnum 29. ágúst 1885, var Jakobi Helgasyni til dæmdur rjettur að halda grunni þeim til verzlunar-afnota, sem honum með útmælingargjörð 25. apríl 1884 var út-visaður af lóð verzlunarfjelagsins Örum & Wulffs,

en án allrar tryggingar framvegis, samt ennfremur ákveðið, að málspartarnir skyldu hvor fyrir annars kærnum og kröfum í þessu máli sýknir vera, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú eigandi verzlunarhússins Örum & Wulffs áfrýjað til yfirdómsins og farið því fram, að dómur þessi verði dæmdur ógildur og stefnda Jakobi Helgasyni frádæmdur rjettur til hverra sem helzt afnota af hinum útmælda og umþrætta lóðarbletti, að hinn stefndi verði dæmdur til að svara Örum & Wulffs verzlunarhúsi hæfilegum bótum eptir óvilhallra manna mati fyrir þann skaða, er hin ólögmeta útmæling hafi orsakað því, sem og málskostnað með 200 kr.

Hinn stefndi hefur aptur á móti gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og sjer til dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Áfrýjandinn hefur farið því fram, að engin lagaheimild sje til þessarar útvisunar gegn skýlausu banni hans, og þar sem af lóð hans hafi verið tekið að honum naudugum, þá komi það ennfremur í bága við verzlunarþarfir hans, er hann brúki svæðið til fiskiverkunar og hafi ætlað að byggja á því. Hinn stefndi þar á móti hefur alls ekki dregið í vafa eignar- eða yfirráðarjett áfrýjandans að hinni útvisuðu lóð, heldur farið því fram, að hann sje alls ekki sviptur eignarrjetti sínum að lóðinni með útmæling sýslumannsins, þar sem hann fái ákveðið eptirgjald af lóðinni fyrir það, að hún sje lögð stefnda til afnota í lögákveðnum tilgangi, því í konungsúrskurði 18. ágúst 1786 12. gr. og tilskipun 17. nóv. 1786 4. gr. (sbr. opið brjef 28. des. 1836 3. gr., Rentu-

kammerbrjefin 21. febr. 1824, 30. maí 1835, samt landshöfðingjabrjef 30. sept. 1876) sje fölginn rjettur til þess, að taka megi lóð af eiganda eða leigulíða til verzlunarafnota að honum fornsþurðum, eða án þess hann veiti samþykki til þess.

Á þetta verður alls eigi fallizt, því hinir tilvísuðu lagastaðir gefa alls enga ástæðu til þess að álíta, að almennan eignar- eða umráðarjett yfir jörðu megi skerða fyrir þá sök, að einhver beiðist húsastæðis í kaupstöðum, og því síður geta staðarleg yfirvöld eða, eins og hjer stendur á, sýslumaður tekið hluta lands af rjettum handhafa til þess að láta annan mann fá hann, þrátt fyrir bann hans, gegn árlegu eptirgjaldi eptir óvilhallra manna mati, og skal þess getið, að í slíku er fölgin engin minni skerðing á eignarrjetti, en þótt lóðin hefði verið tekin af eigandanum gegn borgun í eitt skipti sem fullkomið andvirði hennar eptir óvilhallra manna mati. Hin tilvísuðu stjórnarvaldabryef geta enga breytingu gjört á almennum undirstöduatriðum laganna, að því er eignarráð snertir, enda kemur það og fram, að þar sem í brjefum þessum hefur verið spursmál um, að leggja fram landsvæði til kaupstaðarafnota, þá hafa jarðeignir þær, er af átti að taka, verið eign hins opinbera.

Af fyrrtjedum ástæðum leiðir, að hinn áfrýjaða dóm ber að dæma ógildan.

Að því er þar næst snertir kröfu þá, er áfrýjandinn hefur gjört til skaðabóta eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati, er eigi nægileg ástæða til þess að taka hana til greina, þar eð við rekstur málsins í hjeraði og fyrir yfirrjettinum ekkert hefur verið fært til sömnunar upphæð tjóns þess, er áfrýjandinn hefur

orðið fyrir, eða nokkuð annað í því efni komið fram, en sjálf rjettarkrafan.

Málskostnað þar á móti fyrir undir- og yfirrjetti ber hinum stefnda að greiða til áfrýjanda eptir rjettarkröfu hans með 200 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi undirrjettardómur skal úr gildi numinn. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti ber hinum stefnda, Jakobi kaupmanni Helgasyni, að greiða áfrýjandanum, verzlunarhúsinu Örum & Wulff, 200 — tvö hundruð — krónur.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá því þessi dómur er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. októbermán.

Nr. 16/1886

Sigurður Jónsson,

Gísli Björnsson og

Ólafur Björnsson

gegn

kaupmanni M. Jóhannesen.

D ó m u r :

Tildrög og atvik máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Með kaupsamningi, dagsettum í Reykjavík 2. júní f. á., selur hinn stefndi, kaupmaður M. Jóhannesen, samkvæmt umboði frá eigandanum, er átti heima í Noregi, þilskipið „Eyvind“ áfrýjendunum, Sigurði